
FORNLEIFASKRÁNING: SÆTÚN II Á KJALARNESI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1062-25361



*Á forsíðumynd eru mógrafir GK-287:014, horft er til austurs.
Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3490

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 7 ha deiliskipulagsreits í landi Sætúns II sem tilheyrði áður lögbýlinu Móum. Innan svæðisins er fyrirhugað að reisa tvær byggingar til viðbótar við þær sem nú standa norðaustast á svæðinu. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Borgarsögusafn Reykjavíkur hafði áður aðalskráð hluta fornleifa á Móum. Þar að auki hafa tvær nýlegri deiliskráningar verið gerðar á jörðinni, af Borgarsögusafni og Náttúrustofu Vestfjarða. Engar fornleifar voru þó skráðar innan marka núverandi deiliskipulagsreits í þessum fyrri skráningum. Við skráninguna 2025 voru tvær fornleifar skráðar innan svæðis og voru báðar skilgreindar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Sætún II, Kjalarnes.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within an 7-hectare assessment area named Sætún II. In the past it belonged to the farm Móar. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowner as part of the planning process for proposed developments on the property. A prior general survey of archaeological sites in Kjalarnes, carried out by Borgarsögusafn Reykjavíkur, did not identify any sites within the area. Neither did two later detailed surveys which covered the northernmost part of the area. The 2025 survey recorded two sites which are both considered to be at risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Sætún II, Kjalarnes.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	16
6. Heimildir	18
Viðauki: Minjakort	19



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðis er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.

1. Inngangur

Í september 2025 var unnin fornleifaskráning innan um 7 ha deiliskipulagsreits sem nefndur er Sætún II og tilheyrði hann áður lögbýlinu Móum. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðrar stækkunar á húsakosti innan deiliskipulagsreitsins. Reisa á tvær nýjar byggingar við þær sem fyrir eru í þeim tilgangi að bæta aðbúnað og anna eftirspurn eftir eggjum hérlandis.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 7 ha og er afmarkað með appelsínugulri línu á myndinni. Innan þess eru tvær fornleifar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Úttektarsvæðið nær yfir allt Sætún II og afmarkast það af skurðum til norðvesturs og suðausturs, Móabergsvegi til norðausturs og strandlínunni til suðvesturs. Innan úttektarsvæðisins er framræst og léttþýfð mýri, í halla til suðvesturs niður að sjó. Nyrst innan úttektarsvæðis eru tvö hús sem þjóna hlutverki eggjabús og liggur malarvegur að þeim. Rétt neðan húsanna, við norðvesturmörk svæðisins, er trjárækt með tilheyrandi

raski. Svæðið er sundur skorið á tveimur stöðum, annarsvegar af girðingu um 70 m suðvestan húsanna og hins vegar af Grundará sem er nærri strandlínunni. Svæðið suðvestan girðingarinnar virðist óraskað að mestu, að undanskilinni hrossabeit. Líklegt er að landið sem nú kallast Sætún hafi áður verið nýtt til útbeitar og ristur frá Móum. (sjá mynd 2).

Borgarsögusafn Reykjavíkur vann aðalskráningu fornleifa á hluta jarðarinnar Móa árið 2002.¹ Tvær nýlegar deiliskráningar hafa síðan verið unnar á Kjalarnesi, önnur árið 2018 vegna stækkunar Vesturlandsvegar² og hin árið 2020 vegna lagningar ljósleiðara.³ Móar voru meðal þeirra jarða sem teknar voru út í skráningunum tveimur og náði skráningarsvæðið m.a. yfir nyrsta hluta úttektaarsvæðis 2025. Engar fornleifar voru skráðar innan marka núverandi deiliskipulagsreits í þessum fyrri skráningum.

Við skráninguna 2025 var farið á vettvang í september og svæðið gengið skipulega í leit að minjum. Tvær fornleifar voru skráðar innan marka úttektaarsvæðisins. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjara Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

¹ Fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur í *Sarpi menningarsögulegu gagnasafni*.

² Anna Lía Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, 2018.

³ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúngueg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-287:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: GK-287:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar

upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og hver staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: GK-287:012).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið í mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatið þannig notað til að vekja athygli á

minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastaðir mega víkja. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu.

4. Fornleifaskrá

GK-287 Móar

Sögulegar heimildir

1395: Jarðarinnar Móa er getið í skrá Viðeyjarklausturs um kvikfé og leigumál á jörðum Viðeyjar. DI III, 598.

1547-1552: Móar í konungseigu og getið í fógetareikningum. DI XII, 109, 134-136, 151, 171, 397.

1686 og 1695: Jörðin metin á 20 hdr., aftur orðin eign Viðeyjarklausturs. BL, 132.

1704: Konungseign, jarðardýrleiki óviss. Jón Eyjólfsson sýslumaður í Kjósarsýslu hafði umboð hennar. JÁM III, 347.

1756: (26. apríl) fékk Þórður Þórhallsson, prestur í Saurbæ og Brautarholti, með konungsúrskurði jörðina Móa í stað Skrauthóla því þeir urðu fyrir skaða vegna skriðu. Lovsamling for Island III, 234-235.

1847: 20 hdr., Konungseign. JJ, 97.

Sr. Matthías Jochumson þjóðskáld bjó á Móum í sex ár frá 1867-1873 segir í sögu Matthíasar Jochumssonar, 209-259. Íbúðarhúsið sem stendur nú á Móum var byggt árið 1910 og er það hið sama og sýnt er á túnakorti frá 1916. Á jörðinni er elsta hænsnabú á Kjalarnesi sem er meðal stærstu búa á landinu í dag. Kjalnesingar, 343-347.

Landkostir

Túnakort 1916: Tún 5.5 ha, rétt allt túnið sléttað á seinustu 17 árum. Kálgarðar engir vegna veðra.

„Torfrista og stúnga hjálplegt. Mótak til eldiviðar tekur mjög að þverra, því það er og hjer brúkað frá Esjubergi.[...] Túnum spilla stórviðri og vatn, sem rótina jetur. Landþröng mikil. Selstaða hefur hjeðan brúkast hjá Esjubergsseli og vita menn ei hvort að láni Esjubergsmanna eður eign þessarar jarðar. Flæðihætt er fyrir sauðfje. Stórviðrasamt mjög.“ JÁM III, 348.

GK-287:014 náma mógrafir

A 365080 N 414970



Mynd 4. Mógrafasvæði GK-287:014, horft til ASA.

Greinilegar mógrafir eru um 400 m suðaustan bæjar 001 og um 160 m suðvestan eggjabúsins í Sætúni II. Þær eru í framræstri og smáþýfðri mýri sem nýtt er til hrossabeitar. Mórinn var tekinn á svæði sem er um 75 x 80 m á stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Gamlar loftmyndir frá 1975 sýna að mótekjusvæðið hefur náð lengra til austurs og vesturs, utan úttektarsvæðisins. Heildarstærð svæðisins hefur því verið um 230 x 130 m. Mörk mógrafanna eru ógreinileg til suðausturs en þar er land töluvert þurrara en annars staðar. Mógrafirnar sjást vel til suð- og norðvesturs og eru stærstu grafirnar um 7 x 4 m á stærð. Áttahorf mógrafanna er misjafnt. Grafirnar eru um 0,3 m djúpar en erfiðara er að segja til um dýpt þeirra sem eru á suðvesturhluta svæðisins, þar eru þær fullar af vatni.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda.

GK-287:015 þúst heystæði

A 364892 N 414721



Mynd 5. Þúst GK-287:015, horft til vesturs.

Þúst er um 600 m suðaustan bæjar 001 og um 530 m suðvestan eggjabúsins í Sætúni II. Þústin er í framræstri og smáþýfðri mýri á milli Grundarár og strandlínunnar, aðeins um 25 m frá norðausturmörkum úttektarsvæðisins. Þústin er ferhyrnd, um 7 x 9 m á stærð og snýr í NNA-SSV. Hún er vel grasi gróin, nokkuð grænni en umhverfið, og aðeins ytri mörk hennar eru greinileg. Enginn ummerki inngangs eru sjáanleg á yfirborði. Veggirnir eru torf- og grjóthlaðnir en töluvert útflattir og úr lagi gengnir. NNA-hliðin er heillegust, um 0,4 m á hæð, og er ein steinaröð greinileg í veggnum. Umhverfis þústina er nokkuð af steinum sem eru líklega hrún úr veggjum hennar. Óvíst er hvaða hlutverki

mannvirkið hafi þjónað en ætla má út frá stærð og lagi þústarinnar að þarna hafi verið heystæði frá Móum.

Langvarandi hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda.

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar innan um 7 ha úttekta svæðis sem nefnist Sætún II. Svæðið tilheyrði áður lögbýlinu Móum og teljast fornleifarnar í skýrslunni því til þeirrar jarðar. Deiliskipulagið nær yfir fremur deiglendan og þýfðan úthaga, um 140 m suðaustan gamla heimatúnsins og um 400 m suðaustan við gamla bæinn á Móum. Deiliskipulagið er unnið vegna áætlana um byggingu tveggja nýrra eggjabúa til viðbótar við þau tvö sem fyrir eru í Sætuni II. Innan marka úttekta svæðisins voru skráðar tvær fornleifar, mógrafir GK-287:014 og þúst GK-287:015.

Mógrafir GK-287:014 eru fyrir miðju úttekta svæðisins, þær eru á svæði sem er um 75 x 80 m á stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar sjást á gömlum loftmyndum frá Landmælingum Íslands, sú elsta er frá árinu 1975. Á myndunum er mógrafasvæðið heldur stærra en það var mælt upp á vettvangi nú og nær það töluvert út fyrir mörk úttekta svæðisins til austurs og vesturs. Þúst GK-287:015 er suðvestan Grundarár en þekktar heimildir geta ekki um mannvirki á því svæði. Miðað við stærð og staðsetningu má ætla að þetta sé heystæði. Þústin er fremur illa farin, aðeins ytri mörk eru greinileg og veggir úr lagi gengnir. Líklegt er að það megi kenna ágangi dýra og náttúruafla um slæmt ástand þústarinnar.

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Minjastaðir innan deiliskipulagsmarka teljast sjálfkrafa í mikilli hættu en þar sem fornleifarnar eru ýmist um 140 m eða um 500 m frá áætluðum byggingarreit voru þær aðeins metnar „í hættu“. Þó svo að minjar séu flokkaðar í hættu eða mikla hættu vegna framkvæmda þýðir það ekki að hættan sé talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg. Hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna minjastöðum

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Ef

Það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

6. Heimildir

- Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. 2018. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsveggar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Skýrsla nr. 189. Reykjavík: Borgarsögusafn.
- Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.
- JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Lovsamling for Island*. 1854. III. bindi. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Lög um menningarminjar 80/12*. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmunds. 2021. *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í dreifbýli Reykjavíkur*. NV nr. 07-21. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Þorsteinn Jónsson. 1998. *Kjalnesingar: Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*. Þorsteinn Jónsson tók saman. Reykjavík: Byggðir og bú.
- Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir. 2006. *Upp á sigurhæðir, saga Matthíasar Jochumssonar*. Reykjavík: JPV.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Fornleifaskráning fyrir Móa. *Sarpur menningarsögulegt gagnasafn*. Borgarsögusafn.

Túnakort 1916: Túnakort Kjalarneshrepps. 1916. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Móar: Örnefnaskrá Móa. 1967. Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir minjastaði innan deiliskipulagssvæðisins. Þar er einnig sýndur fyrirhugaður byggingarreitur og er hann merktur með grænni brotalínu.

